



Erindisbréf Stjórn Styrktarsjóðs LSS

Stjórn LSS skipar eftirfarandi aðila í stjórn Styrktarsjóðs til tveggja ára.

Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri LSS, sem formaður.

Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri LSS.

Halldóra Kristín Guðjónsdóttir, bókari LSS.

Styrktarsjóður er sjálfstæður sjóður og starfar skv. samþykktum þess. Stjórn skipar þrjá aðila í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn. Gjaldkeri LSS á rétt að sitja fundi sjóðsins, með málfrelsi og tillögurétt. Skrifstofustjóri LSS er starfsmaður sjóðsins.

Gildistími skipunar: Maí 2018 til apríl 2020.

Markmið sjóðsins er að:

- Greiða bætur í slysa- og veikindatilfellum.
- Að vinna að aukinni heilsuvitund félagsmanna.
- Stuðla að bættri heilsu félagsmanna.
- Efla fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði heilsueflingar hjá félagsmönnum.
- Efla fyrirbyggjandi forvarnir gegn sjúkdómum hjá félagsmönnum.

Hlutverk:

Sjóðsstjórn ber ábyrgð á rekstri og úthlutun sjóðsins. Fulltrúum LSS ber að vinna eftir áherslum stjórnar LSS. Sjóðsstjórn er sjálfstæð í störfum sínum en heldur gerðarbók og skilar fundargerðum til stjórnar LSS. Sjóðsstjórn hefur að leiðarljósi siðareglur, önnur lög og reglugerðir sem LSS hefur sett eða starfar eftir.

Hlutverk sjóðsstjórnar eru m.a.:

- Sjóðsstjórn ber ábyrgð á rekstri og úthlutun sjóðsins og sér um að afgreiða styrkumsóknir samkvæmt gildandi reglugerð um starfsemi þess.
- Sjóðsstjórn mótar stefnu LSS varðandi bættu heilsu og eftirfylgni þess.
- Sjóðsstjórn fylgir eftir stjórnar- og þingssamþykktum LSS.
- Ef gerðar eru breytingar á reglum Styrktarsjóðs skal bera þær undir stjórn LSS.
- Í lok hvers almanaksárs ber sjóðsstjórn að skila skýrslu þar sem gert er grein fyrir fjárhag og starfsemi sjóðsins.
- Í upphafi skipunartímabils skal sjóðsstjórn skipta með sér verkum, setja sér starfsreglur og starfa skv. þeim.

Starfshættir

Formaður sjóðsins ber ábyrgð á boðun funda. Fundarboðun skal vera bréfleg eða rafræn og send öðrum stjórnarmönnum, eigi síðar en fjórum sólarhringum fyrir fund. Úthlutað er átta sinnum úr sjóðnum á ári eða oftár ef þurfa þykir.



Vonast er til að starfssemi sjóðsins skili eftirfarandi árangri:

- Að auka heilbrigðisvitund félagsmanna.
- Að efla líkamlega og andlega heilsu félagsmanna.
- Að félagsmenn fylgist vel með heilsufari sínu.
- Styrkja félagsmenn í langvarandi veikindum.

Fjármál:

Styrktarsjóður er með sjálfstæðan rekstur og er fjármagnað með iðgjöldum frá atvinnurekendum. Öll fjárútlát þarf sjóðsstjórn að samþykkja.

Tengiliðir úr stjórn LSS: Ásgeir Þórisson, gjaldkeri LSS.

Reykjavík, 12. september 2018

Magnús Smári Smáráson
Formaður

Steinþór Darri Þorsteinsson
Varaformaður